

7. bekkur enska kennsluáætlun 2019-2020 eftir áramót

Kennarar: Sigurlaug Guðjónsdóttir

7

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Grunnpáttur

Áherslupættir nemandi:

Heilbrigði og velferð: Sýnir frumkvæði - tekur þátt í samvinnuverkefnum - fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum.

Jafnrétti: Sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum - fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra - tekur tillit til skoðana annarra.

Lýðræði og mannréttindi: Kemur fram við samstarfsfólk sitt af tillitssemi - vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli - temur sér siðfræðileg gildi í umgengni við aðra.

Læsi: Les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu - tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem unnið er með - nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla.

Sjálfbærni: Tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans - þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila.

Sköpun: virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna - nýtir hæfileika sína og skapar afurð

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Action grunnbók og vinnubók

Ýmis verkefni og myndbönd.

Google kennsluumhverfið

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Unnið með færniþættina fjóra: Lestur, hlustun, tal og ritun.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Heimaverkefni, hlustunarverkefni, þemaverkefni, munnlegt próf og skrifleg próf.

Fjalla 7 enska - Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Fjalla 7 enska - Lesskilningur

- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

Fjalla 7 enska

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
- Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.

Fjalla 7 enska - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.

Fjalla 7 enska - Frásögn

- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.

Fjalla 7 enska - Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.

Fjalla 7 enska - Náms hæfni

- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.

GF enska 7.bekkur

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.

GF enska 7.bekkur - Menningarlæsi

- Sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.